

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
nr. 207/1979 fyrir Hjúkrunarheimili aldraðra Kópavogi.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

11. grein bætist við og hljóðar svo:

Viðauki.

Stofnuninni skal vera heimilt að stofna sérstakt félag, hlutafélag eða einkahlutafélag, utan um afmarkaðan þátt reksturs síns, s.s. rekstur íbúða. Þrátt fyrir 2. gr. skipulagsskrárinnar skal stofnuninni vera heimilt að leggja eignir sem tilheyra rekstri íbúða, þ.m.t. fasteignir og lausafé, fram sem hlutafé til félags sem skal vera alfarið í eigu stofnunarinnar.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Hjúkrunarheimili aldraðra Kópavogi, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 10. febrúar 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.